

AUGLÝSING

um útgáfu verklagsreglna um starfsemi rafverktaka og um starfsemi skoðunarstofa og rafveitna.

Í samræmi við reglugerð um raforkuvirki nr. 264, 31. desember 1971 með síðari breytingum hefur Rafmagnseftirlit ríkisins í dag gefið út verklagsreglur um starfsemi rafverktaka. Það hefur einnig í dag í samræmi við ákvæði sömu reglugerðar gefið út verklagsreglur um starfsemi skoðunarstofa og rafveitna.

Verklagsreglurnar eru fáanlegar hjá Rafmagnseftirliti ríkisins, Síðumúla 13, 108 Reykjavík, sem gefur nánari upplýsingar um þær.

Íðnaðarráðuneytið, 26. júlí 1993.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Sveinn Þorgrímsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Fjarskiptaeftirlitsins nr. 129/1993.

1. gr.

Við 6. gr. bætist ný málsgrein:

Ofangreind gjöld gilda einnig fyrir útvarpssenda á örbylgjutíðnum, 2,5–2,7 GHz, en greiðast að fullu frá og með útgáfu leyfisbréfs.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 73/1984, sbr. lög nr. 32/1993, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 30. júlí 1993.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

AUGLÝSING

um umferð á Siglufirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Siglufjarðar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Siglufirði:

Einstefnuakstur verður á Lækjargötu milli Aðalgötu og Eyrargötu frá suðri til norðurs.

Bifreiðastöður verða aðeins heimilar vinstra megin götunnar miðað við akstursstefnu.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Sýslumaðurinn á Siglufirði, 27. júlí 1993.

Halldór Þ. Jónsson, settur.